



Skólaspekillinn, staðfest sjálfsmat
Árskóli, Sauðárkróki
matsúttekt í okt. 2018

Fræðsluþjónusta Skagafjarðar
Árskóli, Sauðárkróki

Efnisyfirlit

Matsskýrsla/inngangur	4
Markmið mats	4
Matsteymi	4
Matsviðmið Skólaspegils	5
Skóli í matsúttekt	6
Meginniðurstöður	7
Innleiðing lestrarstefnu Skagafjarðar	8
Teymiskennsla	8
Framkvæmd mats	9
Gagnaöflun	9
Matsþættir úttektar	9
Vettvangsathuganir í kennslustundir	9
Eftirfylgniviðtöl við kennara eftir vettvangsathugun	10
Rýnihópaviðtöl	10
Samantekt matsskýrslu	10
Niðurstöður matsúttektar	11
Innleiðing lestrarstefnu Skagafjarðar	11
Lestrarhvetjandi umhverfi	11
Lestur og skilningur	11
Einstaklingsmiðun	12
Samfella á milli skólastiga	12
Samstarf við heimilin	13
Skimanir	13
Tvítýngi og fjöltýngi	13
Rýnihópaviðtöl, innleiðing lestrarstefnu	13
Styrkleikar	14
Sóknarfæri	14
Teymiskennsla	15
Rýnihópaviðtöl, teymiskennsla	16
Styrkleikar	17
Sóknarfæri	17
Kennslustundagreining	17

Heimildaskrá	19
Viðauki 1	20
Viðauki 2	24

Matsskýrsla/inngangur

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður matsúttektar sem fram fór í Árskóla í október 2018. Úttektin byggir á nýrri matsnálgun sem verið er að prufukeyra í Sveitarfélaginu Skagafirði. Aðferðin er samstarfs- og umbótamiðuð og nefnist *Skólaspegillinn, staðfest sjálfsmat* og er byggð á skoskri aðferð en aðlöguð að íslenskum aðstæðum. Í matsúttektinni voru tveir skoðunarþættir teknir fyrir. Annars vegar *innleiðing á lestrarstefnu Skagafjarðar* og hins vegar valkvæður þáttur frá skóla, *teymiskennsla*. Í skýrslunni er sagt frá matsaðferðinni, skóla í úttektarferlinu, Árskóla, matsteyminu, skipulagi og framkvæmd matsins, matsviðmiðum og greint frá niðurstöðum matsins. Meðfylgjandi matsskýrslunni er umbótaáætlun skólans sem unnin hefur verið í kjölfar matsniðurstaðna.

Markmið mats

Tilgangur Skólaspegilsins er fyrst og fremst að efla gæði skólastarfs innan sveitarfélags. Einnig að uppfylla lagaskyldur um ytra mat á skólastarfi á sveitarfélagsstigi. Mat með aðferðum Skólaspegilsins byggir á öflugri samvinnu á milli skóla og fræðsluyfirvalda í héraði og að skólar noti skoskar innra mats aðferðir við sjálfsmat skóla, í íslenskri þýðingu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg. Á hverjum tíma er verið að skoða valda þætti í skólastarfinu. Sérfræðiþekking um sjálfsmat er boðin fram í matsferlinu sem er í senn krefjandi áskorun og stuðningur við innra mat skólans sjálfs. Skólar geta einnig óskað eftir sjálfstæðu mati og/eða staðfestingu á ákveðnum gæðum skólastarfs samkvæmt niðurstöðum úr innra mati skólans. Hlutverk Skólaspegilsins er einnig að fylgjast með og styðja við umbætur í skólastarfinu.

Markmið/tilgangur Skólaspegilsins er eftirfarandi:

- Að skapa sameiginlegan skilning á starfi innan skólasamfélagsins
- Að stuðla að framförum með því að styðja skóla við að auka gæði skólastarfs
- Að læra af og deila góðu verklagi á milli skóla
- Að meta skólastarfið og upplýsa um getu skólans til umbóta
- Að tryggja gæði menntunar
- Að styrkja skólastjórnendur í starfi og skapa þeim vettvang til samstarfs og starfsþróunar
- Að uppfylla lagaskyldur um ytra mat á sveitarfélagsstigi

Nánari upplýsingar um matsaðferðina má finna í ritinu, *Skólaspegillinn staðfest sjálfsmat*.

Matsteymi

Matsteymið samanstendur í hverri matsheimsókn í skóla af eftirfarandi aðilum:

- Tveir sérfræðingar Fræðsluþjónustu Skagafjarðar.
- Þrír skólastjórar, þ.e. einn frá hverjum grunnskóla í Skagafirði.
- Starfsmaður/matsaðili úr þeim skóla sem verið er að meta, tilnefndur af skólastjóra þess skóla. T.d. gæti þessi aðili verið sá sem heldur utan um innra mat skólans.
- Stjórnandi úr Tónlistarskóla Skagafjarðar.
- Hægt er að kalla til aðra sérfræðinga Fræðsluþjónustu hluta úr degi í matsferlinu eftir því hvað liggur fyrir til skoðunar.
- Gert er ráð fyrir því að 1-2 grunnskólastjórar frá öðrum sveitarfélögum geti fengið að fylgjast með og taka þátt í matsferli í skóla hverju sinni.

Samvinnuteymi í vettvangsathugun í Árskóla í okt. 2018 var skipað eftirfarandi aðilum:

Óskar G. Björnsson	Skólastjóri Árskóla
Hallfríður Sverrisdóttir	Aðstoðarskólastjóri Árskóla
Jóhann Bjarnason	Skólastjóri Grunnskólans austan Vatna
Hanna Dóra Björnsdóttir	Skólastjóri Varmahlíðarskóla
Sveinn Sigurbjörnsson	Skólastjóri Tónlistarskóla Skagafjarðar
Selma Barðdal Reynisdóttir	Fræðslustjóri, Fjölskyldusviði Skagafjarðar
Helga Harðardóttir	Kennsluráðgjafi/verkefnastjóri, Fjölskyldusviði Skagafjarðar

Matsviðmið Skólaspegils

Eftirfarandi matsviðmið/skilgreiningar eru notaðar í mati á skólastarfi í Skólaspeglinum og gefa vísbendingar um stöðu skólans í einstökum þáttum skólastarfsins á hverjum tíma eða yfir ákveðið tímabil eftir því sem við á:

Matsviðmið	Nánari skýring
6 Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5 Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4 Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3 Fullnægjandi	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök

2 Slakt	Mikilvæg atriði slök
1 Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Byggt á einkunnaskala sjálfsmatsefnisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útgáfa

Eftirfarandi orð eru notuð til að lýsa tölum/fjölda/hlutfalli:

Viðmið	Merkir
Næstum allir	Yfir 90%
Flestir	Frá 75%-90%
Meirihluti	Frá 50%-74%
Færri en helmingur	Frá 15%-49%
Fáir	Frá 0%-15%

Byggt á viðmiðum Skólaspegilsins, staðfest sjálfsmat.

Í vettvangsathugunum í kennslustundum voru eftirfarandi viðmið Menntamálastofnunar notuð:

Kennsluáherslur:	Fræðandi. Leiðbeinandi. Blanda tveggja aðferða.
-------------------------	---

Námsáherslur:	Einstaklingsvinna nemenda. Samvinna nemenda. Blanda af þessu tvennu.
----------------------	--

Skóli í matsúttekt

Árskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur sem búa á Sauðárkróki, í Hegranesi, á Reykjaströnd og á Skaga. Skólinn er til húsa við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki. Árskóli er deildaskiptur í yngsta stig, miðstig og unglíngastig. Í skólanum eru alls 348 nemendur í okt. 2018 og skiptast þannig á milli stiga: yngsta stig, 1. – 4. bekkur 134 nemendur, miðstig, 5. – 7. bekkur 101 nemandi og unglíngastig, 8. – 10. bekkur 113 nemendur. Nemendur af erlendum uppruna eru 16 eða 4,5% nemenda. Fimm nemendur af erlendum uppruna fá sérstaka kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Starfsmenn við skólann eru 70 í 59,3 stöðugildum. Einkunnarorð skólans eru *lifa, leika, læra*. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum (Árskóli, e.d.-a).

Meginniðurstöður

Hér verða dregnar fram meginniðurstöður vettvangsathugunar sem fram fór í Árskóla dagana 23.– 25. okt. 2018 skv. aðferðum Skólaspegilsins, staðfests sjálfsmats. Tveir þættir skólastarfs lágu fyrir til mats en þeir voru *innleiðing á lestrarstefnu Skagafjarðar* annars vegar og *teymiskennsla* hins vegar. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samanburð á niðurstöðum innra mats starfsfólks skólans á matsþáttum og niðurstöðum matsteymis Skólaspegilsins.

Gæðagreinar	Matsniðurstöður – upplýsingar úr innra mati skólans skólaárið 2017-2018	Matsniðurstöður – Skólaspegillinn okt. 2018
Lestarhvetjandi umhverfi	5, 4, 4	5 Mjög gott
Lestur og skilningur	5, 5, 4	5 Mjög gott
Einstaklingsmiðun	5, 5, 4	6 Framúrskarandi
Samfella á milli skólastiga	5	5 Mjög gott
Samstarf við heimilin	5, 5, 5	5 Mjög gott
Skimanir	5, 5, 5	6 Framúrskarandi
Tvítýngi og fjöltýngi	4, 4, 4	4 Gott
Teymiskennsla	5, 5, 4, 5, 3, 5	5 Mjög gott

(Árskóli, e.d. – d).

Sjá skilgreiningu á matsviðmiðum á bls. 4 í þessari skýrslu.

Samanburðurinn gefur til kynna að niðurstöður innra mats starfsfólks annars vegar og mats skv. Skólaspeglinum hins vegar eru með líkum hætti í flestum matsþáttum. Matsþættirnir *lestarhvetjandi umhverfi*, *lestur og skilningur* og *teymiskennsla* fá niðurstöðuna 5 eða *mjög gott* sem er dæmi um afar sterkan þátt í skólastarfinu skv. mati með aðferðum Skólaspegilsins. Í innra mati starfsfólks fá þessir sömu þættir ýmist einkunnina 4 eða *gott* og einkunnina 5 eða *mjög gott*. Samhljómur er á milli innra mats og mats með aðferðum Skólaspegilsins í matsþáttunum *samfella á milli skólastiga* og *samstarf við heimilin*. Þessir matsþættir fá einkunnina 5 eða *mjög gott* með báðum aðferðum, merki um afar sterkan þátt í skólastarfinu. Matsþátturinn *einstaklingsmiðun* fær hærri einkunn í mati með aðferðum Skólaspegilsins heldur en í innra mati meðal starfsmanna. Hér gefur matsteymi Skólaspegilsins einkunnina 6 eða *framúrskarandi*, sem er hæsta gefin einkunn og merkir að skólinn sé framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði í þessum þætti skólastarfsins. Sama gildir um matsþáttinn *skimanir* en þar gefur matsteymi Skólaspegilsins einkunnina 6 eða *framúrskarandi*. Sá matsþáttur sem fær lægstu

einkunnina er *tvítyngi og fjöltyngi*. Þar ber innra mati skólans og mati með aðferðum Skólaspegilsins saman um einkunnina 4 eða *gott*. Þeim þætti skólastarfsins þarf að huga betur að og nýta sóknarfæri til að efla gæði þess þáttar enn frekar í skólastarfinu.

Innleiðing lestrarstefnu Skagafjarðar

Leitað var svara við eftirfarandi spurningu í vettvangsathugun í Árskóla skv. Skólaspeglinum: *Hversu vel hefur tekist að innleiða lestrarstefnu Skagafjarðar í Árskóla?*

Niðurstöður vettvangsathugunar skv. aðferðum Skólaspegilsins benda til þess að innleiðing lestrarstefnu Skagafjarðar í Árskóla hafi þegar á heildina er litið gengið ýmist *mjög* eða *framúrskarandi vel* í flestum þáttum. Einn þáttur sker sig þó úr og er það matsþátturinn *tvítyngi og fjöltyngi* en sá þáttur fékk einkunnina 4 eða *gott* sem bendir til að skólinn ætti að leggja áherslu á að auka gæði á þessu sviði. Fram kemur í samantektum teyma eftir vettvangsathuganir í kennslustundum á öllum stigum að námsumhverfið sé lestrarhvetjandi. Einnig sáust dæmi um að öll gæðaviðmið í gæðagreini um lestur og skilning hafi verið til staðar á öllum stigum. *Meirihluti* gæðaviðmiða varðandi einstaklingsmiðun sáust enn fremur í vettvangsathugunum. Námið er skipulagt með einstaklingsmiðun í huga þar sem útfærslur náms- og kennsluáferða og verkefnaskil eru miðuð við getu hvers og eins. Dæmi sáust um *meirihluta* gæðaviðmiða vegna samfellu á milli skólastiga í vettvangsathugunum, sama gildir um gæðaviðmið sem snúa að samstarfi við heimilin. Öll gæðaviðmið vegna skimana eru uppfyllt og skimanir eru reglubundinn þáttur í skólastarfinu. *Færri en helmingur* gæðaviðmiða varðandi tvítyngi og fjöltyngi nemenda sáust í vettvangsathugunum sem bendir til að skólinn þurfi að rýna betur í þennan þátt í skólastarfinu, bregðast við og setja fram áætlanir um umbætur.

Í niðurstöðukafla um innleiðingu á lestrarstefnu Skagafjarðar er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum og styrkleikar og sóknarfæri sett fram. Í umbótaáætlun sem skólinn vinnur í kjölfar mats eru sóknarfærin sett fram til úrvinnslu og eftirfylgni (sjá nánar niðurstöðukafla bls. 11 og kafla um styrkleika og sóknarfæri bls. 14).

Teymiskennsla

Leitað var svara við eftirfarandi spurningu í vettvangsathugun í Árskóla skv. Skólaspeglinum: *Hversu góð er teymiskennslan í Árskóla?*

Niðurstöður vettvangsathugunar skv. aðferðum Skólaspegilsins benda til að teymiskennslan hafi fest sig í sessi og sé í stöðugri þróun. *Meirihluti* gæðaviðmiða skv. gæðagreini um teymiskennslu sáust í vettvangsathugunum. Fram kom í vettvangsathugunum að teymiskennslan styður við einstaklingsmiðun náms. Náms- og kennsluumhverfi í Árskóla hentar vel til teymiskennslu. Kennarar

eru almennt jákvæðir gagnvart teymiskennslufyrirkomulagi. Skýr verkaskipting virðist vera að öllu jöfnu innan teyma og sameiginleg ábyrgð tekin á námi og kennslu. Byggt er á styrkleikum hvers og eins innan teymis þegar verkaskipting er skipulögð. Í vettvangsathugunum sáust dæmi um *framúrskarandi* kennslustundir, en í *flestum* kennslustundum greindu matsaðilar *góða*, *mjög góða* eða *framúrskarandi* náms- og kennsluhætti.

Í niðurstöðukafla um teymiskennslu er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum og styrkleikar og sóknarfæri sett fram. Í umbótaáætlun sem skólinn vinnur í kjölfar mats eru sóknarfærin sett fram til úrvinnslu og eftirfylgni (sjá nánar niðurstöðukafla bls. 15 og kafla um styrkleika og sóknarfæri bls. 17).

Framkvæmd mats

Matsúttekt með aðferðum Skólaspegilsins fór fram í Árskóla dagana 23. – 25. október 2018. Samvinnuteymi hittist á fundum til undirbúnings úttektinni. Skólastjóri Árskóla og kennsluráðgjafi sáu um að tímasetja þriggja daga dagskrá í Árskóla vegna úttektarinnar. Ferli vettvangsathugunar í Árskóla fólst í eftirfarandi þáttum sem hér verður nánar lýst:

Gagnaöflun

Gagnaöflun fólst einkum í vettvangsathugunum í kennslustundum og rýnihópaviðtölum. Slíkar leiðir til gagnaöflunar gefa góðar vísbindingar um starf skólans en hafa ber í huga að þær hafa takmarkað alhæfingargildi. Skýrsluhöfundar rýndu einnig í fyrirbyggjandi gögn s.s. skólanámskrá Árskóla, starfsáætlun, niðurstöður Skólapúlsins og fl.

Matsþættir úttektar

Matsþættir voru ákveðnir í samráðsteymi en samkvæmt aðferðum Skólaspegilsins liggja tveir til þrjú gæðagreinar/matsþættir fyrir til mats hverju sinni. Ákveðið var að þessu sinni að leggja tvo matsþætti til grundvallar matinu þ.e. **innleiðingu á lestrarstefnu Skagafjarðar** en þann þátt var ákveðið að leggja fyrir til mats að hálfu starfsmanna fræðsluþjónustu. Sá skóli sem er í matsúttekt hverju sinni getur einnig óskað eftir einum valkvæðum þætti til mats í úttekt skv. Skólaspeglinum. Skóli getur annars vegar óskað eftir matsúttekt á valþættinum og/eða óskað eftir staðfestingu á að niðurstöður innra mats sem framkvæmt hefur verið í innra mati skólans séu fullnægjandi/réttar. Valkvæður þáttur sem Árskóli óskaði eftir að lagður yrði fyrir til mats að þessu sinni var **teymiskennsla**.

Vettvangsathuganir í kennslustundir

Skipulag vettvangsathugana í kennslustundir var á þá leið að matsmenn voru í þremur matshópum að heimsækja árganga. Dagskráin var sett þannig upp að fyrsta daginn voru gerðar vettvangsathuganir á yngsta stigi, annan daginn á miðstigi og þriðja daginn á unglingastigi. Alls fóru matsmenn í 27

kennslustundir. Tímasetningar á stundaskrárm árganga réðu því hvaða kennslustundir urðu fyrir valinu í vettvangsathugunum, þannig gátu hvaða kennslustundir sem er orðið hluti af matsferlinu og athuganir því gerðar í fjölbreyttum námsgreinum.

Eftirfylgniviðtöl við kennara eftir vettvangsathugun

Kennurum sem heimsóttir voru í kennslustundir var boðið upp á eftirfylgniviðtöl eftir vettvangsathuganir í hverjum árgangi í lok hvers dags. Fulltrúar í samráðsteymi, tveir í senn, veittu endurgjöf til kennara þar sem tveir þættir sem þóttu vera sterkt einkenni kennslustunda voru dregnir fram og einn þáttur settur fram til ígrundunar. *Næstum allir* kennarar (*yfir 90%*) sem boðaðir voru í viðtal nýttu sér það. Viðtölin tóku u.þ.b. tíu mínútur og þar gafst tækifæri til nánari rýni og samtals milli kennara og matsaðila. Matsaðilar settu jafnframt ofangreinda þætti upp á minnismiða gula og bleika sem hengdir voru upp fyrir framan fundarsal/starfsstöð teymisins í þeim tilgangi að matið og niðurstöður þess væri sýnilegt starfsfólki í matsferlinu.

Rýnihópaviðtöl

Alls voru fimm rýnihópaviðtöl tekin við hagsmunaaðila í skólastarfi. Í hverjum rýnihópi voru 6-8 þátttakendur. Þátttakendur í rýnihópaviðtali hjá nemendum samanstóðu m.a. af fulltrúum úr stjórn nemendafélags Árskóla. Þátttakendur í rýnihópaviðtali hjá foreldrum/forsjáraðilum samanstóðu af fulltrúum úr stjórn foreldrafélags Árskóla. Þátttakendur úr hópi kennara voru valdir til þátttöku í tveimur rýnihópaviðtölum með kerfisbundnu líkindaúrtaki sem kallast slembiúrtak. Þýðið samanstóð af öllum grunnskólakennurum í Árskóla en úrtakið var 7 kennarar í hvorum hópi. Það þýðir að u.þ.b. þriðji hver kennari var valinn í rýnihópaviðtal. Starfsfólk skólans (að kennurum undanskildum) tók jafnframt þátt í rýnihópaviðtali og voru þeir einnig valdir með slembivalsúrtaki. Það þýðir að u.þ.b. sjötti hver starfsmaður var valinn í rýnihópaviðtal. Hvert rýnihópaviðtal stóð í u.þ.b. 30 mínútur. Tveir fulltrúar úr samstarfsteymi stýrðu hverju viðtali. Tilgangur rýnihópaviðtala er að tryggja að sýn hagsmunaaðila í skólastarfi komi skýrt fram í niðurstöðum mats á skólastarfinu skv. aðferðum Skólaspegilsins.

Samantekt matsskýrslu

Öll samantektargögn/niðurstöður úr hverri vettvangsathugun, rýnihópaviðtölum og þ.h. voru teknar saman eftir hvern matsdag. Hvert samstarfsteymi fór yfir og lauk skýrslum eftir hverja vettvangsheimsókn og hvert rýnihópaviðtal. Á samstarfsfundi teymisins var jafnframt farið yfir allar niðurstöður og matsaðilar undirbúnir fyrir eftirfylgniviðtöl við kennara. Úrvinnsla og samantekt alls matsferilsins og birting heildarmatsskýrslu er í höndum fulltrúa fræðsluþjónustu og fulltrúa Árskóla úr matsteyminu. Þegar skýrslan er til í drögum fer samstarfsteymið yfir skýrsluna og gerir

athugasemdir/breytingartillögur eftir atvikum áður en skýrslan er fullgerð. Að matsferli loknu verður skýrslan kynnt hagsmunaaðilum í skólastarfi, starfsfólki skólans, skólaráði og fræðslunefnd. Skýrslan verður vistuð á heimasíðu skólans að kynningum loknum.

Niðurstöður matsúttektar

Í næstu tveimur köflum eru dregnar fram helstu niðurstöður matsúttektar í gæðagreinum um innleiðingu lestrarstefnu annars vegar og um teymiskennslu hins vegar.

Innleiðing lestrarstefnu Skagafjarðar

Í skólanámskrá Árskóla 2018-2019 kemur fram að unnið er samkvæmt lestrarstefnu Skagafjarðar og lögð áhersla á lestur, ritun og tjáningu. Nemendur fá þjálfun í öflun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun og læra að nota hugtök í réttu samhengi og yfirfærslu á ólík fyrirbæri í samfélaginu og umhverfinu (Árskóli, e.d.-a). Lestrarstefna Skagafjarðar var unnin í þverfaglegu samstarfi leik-, grunn- og tónlistarskóla í Skagafirði og hófst innleiðing hennar í Árskóla skólaárið 2017-2018.

Lestrarhvetjandi umhverfi

Í Árskóla er námsumhverfið hvetjandi til lestrar. Þess sáust glögg merki í vettvangsathugunum. Öll gæðaviðmið gæðagreinisins sáust í vettvangsathugunum á öllum stigum (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 1). Ýmsar vísbendingar aðrar úr vettvangsathugunum bentu til gæðastarfs í þessum þætti. Þar má nefna að skilgreiningar á hugtökum m.a. í faggreinum voru sýnileg í kennslurýmum. Valtímar í lestri, *Fimman*, þar sem nemendur velja sér mismunandi verkefni, tal, hlustun, ritun o.s.frv. Jákvæð hvatning til lestrar með slagorðum sem hanga upp í kennslustofum. Leiðbeinandi spjöld með reglum og hagnýtum upplýsingum í íslensku og stærðfærði á veggjum í kennslurými. Frjálslestrarbækur aðgengilegar í kennslustofum, leskrókur og afmörkuð rými til að gefa nemendum tækifæri til að vinna afsíðis í meira næði. Farið yfir dagskrá í upphafi dags myndrænt. Verkefni unnin í iPad. Samþætting íslensku og samfélagsgreina. Skrifleg fyrirmæli á spjöldum um æfingar í þrekhring í íþróttatíma. Verkefni nemenda hengd upp í kennslurýmum og á göngum skólans. Veggspjöld um lykilhæfnipætti aðalnámskrár á veggjum í kennslurými. Gögn m.a. um tvítyngi og fjöltyngi úr lestrarstefnu Skagafjarðar sýnileg. Einstaklingsmiðun náms og markmið fyrir unglingastig í lestri sýnileg. Ýmsar upplýsingar fyrir nemendur s.s. um skólabókasafn og héraðsbókasafn aðgengilegar. Gott aðgengi að sýnidæmum t.d. í stærðfræði fyrir nemendur á Google classroom.

Lestur og skilningur

Öll gæðaviðmið í gæðagreinini um lestur og skilning sáust í vettvangsathugunum (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 1). Það bendir til þess að þessum þætti sé vel sinnt í skólastarfinu. Aðrar

vísendingar sem bentu til gæðastarfs í þessum þætti voru m.a. eftirfarandi: Í íþróttatíma var rætt um hugtakanotkun við nemendur í ákveðnum íþróttagreinum. Í byrjendalæsis tíma var unnið með innlögnum stafa, þar var lögð áhersla á hljóðin, hlustun, tal og ritun, hvar hljóðið er staðsett o.þ.h. Fjölbreyttar námsleiðir notaðar til að leggja inn stafi s.s. nemendur teikna stafi með fingri á nemendaborð, sporað í iÞöðum o.fl. Hugtök í stærðfræði útskýrð. Kennslustund brotin upp með því að nota mismunandi námsstíla. Lögð áhersla á hlustun fyrir nemendur með lestrarerfiðleika. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni í stöðvavinnu. Yndislestrarstundir nýttar inn í kennsluskipulagið t.d. í leiklistartíma. Upplýsingaöflun á netinu. Heimildaritgerðir, val um marga efnisþætti en stýrð efnisöflun. Upplýsingatækni nýtt í mörgum námsgreinum á öllum stigum. Íslensk bókmenntaverk lesin, gjarnan sama verkið bæði á íslensku og ensku, samvinna íslensku- og enskukennara.

Einstaklingsmiðun

Meirihluti gæðaviðmiða úr gæðagreini þessa þáttar sáust í vettvangsathugunum (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 1). Aðrar vísbendingar sem bentu til gæðastarfs voru margvíslegar. Nemendur með sértækar þarfir fá aðstoð í námi og félagslegum þáttum og unnið er eftir einstaklingsnámskrám. Starfskraftar starfsfólks sem fylgir einstaka nemendum eftir nýtast einnig vel fyrir námshópa í heild. Námið er skipulagt með einstaklingsmiðun í huga. Uppbyggilegur og jákvæður agi. Í leiklist er valið í hlutverk eftir styrkleikum nemenda. Góð mönnun þar sem einstaklingsþörfum nemenda er vel mætt. Teymiskennsla styður við einstaklingsmiðun náms. Í íþróttum er komið til móts við nemendur m.a. með vali um íþróttagreinar, einnig er aðbúnaður aðlagður að aldri, þroska og getu nemenda. Áberandi umburðarlyndi meðal nemenda gagnvart sérþörfum og fjölbreytileika. Verkefnaskil í Seeshaw styður við einstaklingsmiðun. Einstaklingsmiðun verkefna þar sem allir eru að vinna með sama verkefnið en útfærslur námsaðferða og verkefnaskila miðuð við getu hvers og eins. Samvinna nemenda í hópum sem hafa náð að efla styrkleika hjá hver öðrum hefur skilað aukinni virkni og námsgleði.

Samfella á milli skólastiga

Meirihluti gæðaviðmiða úr gæðagreini þessa þáttar sáust í vettvangsathugunum (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 1). Aðrar vísbendingar sem matsmenn töldu benda til gæðastarfs í vettvangsathugunum voru m.a. þær að mikil hefð er fyrir gagnkvæmum heimsóknum kennara og nemenda í skólahóp leik- og grunnskóla til að undirbúa nemendur í skólahópi undir skólaskil. Kennarar á unglíngastigi voru í samstarfi og samráði við kennara í FNV um samræmingu á vinnubrögðum og kröfum um skráningu heimildaritgerða. Samstarf á milli leik- og grunnskóla t.d. varðandi greiningartæki eins og Hljóm 2 var skilvirkt. Að vori fá kennarar 1. bekkjar niðurstöður úr Hljóm 2 og geta þá tekið mið af niðurstöðum til skipuleggja áframhaldandi lestrarnám nemenda við skólaskil. Lotubundin kennsla er

í ákveðnum fögum á unglíngastigi og einnig á miðstigi. Í lotunámi vinnur hver og einn miðað við getu á sínum námshraða í námsefni, loturnar eru settar upp með rafrænum hætti.

Samstarf við heimilin

Meirihluti gæðaviðmiða er snýr að samstarfi við heimilin er þáttur í starfi skólans sem matsmenn sáu eða fengu vitneskju um í vettvangsathugunum (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 1). Aðrar vísbendingar sem matsmenn greindu í vettvangsathugunum voru m.a. þær að samstarf heimilis og skóla vegna náms í list- og verkgreinum er m.a. fólgið í því að foreldrum/forsjáraðilum er boðið að koma í heimsókn í skólann í lok hvers námstímabils hjá hverjum námshópi/árgangi og skoða afrakstur hvernar lotu. Verkefnaskil t.d. í textílmennit eru sýnileg foreldrum í Seeshaw. Innan árganga eru dæmi um að sameiginleg fésbókarsíða sé notuð til upplýsingagjafar og samskipta bæði varðandi nám nemendahópsins og varðandi ýmis praktísk atriði. Aðgang að síðunni hafa bæði nemendur, foreldrar/forsjáraðilar og viðkomandi umsjónarkennarar og er það mat kennara að slík samskiptaleið virki vel til að ná til foreldra um samstarf. Dæmi um samstarf á milli heimila og skóla í stærðfræði. Nemendur fá heimaverkefni sem unnin eru með rafrænum hætti (Thatquiz) í hverri viku. Verkefnaskil eru einu sinni í viku. Kennarar og foreldrar/forsjáraðilar fá góða yfirsýn um hvort og hvernig nemendur hafa náð tókum á námsefni hvernar lotu. Námslotur eru einstaklingsmiðaðar.

Skimanir

Vettvangsathugun gefur til kynna að verklag vegna ýmiss konar skimana sé með skilvirkum hætti (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 1). Öll gæðaviðmið í þessum þætti voru uppfyllt. Aðrar vísbendingar um gæðastarf sem matsmenn tóku fram eru að í viðtölum við kennara kom fram að skimanir séu reglubundinn þáttur í skólastarfinu.

Tvítýngi og fjöltýngi

Merki sáust um *færri en helming* gæðaviðmiða í þessum gæðagreini í vettvangsathugun (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 2). Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs voru m.a. þær að upplýsingatæknin (iPadar) er notuð til að tryggja samskipti og skilning t.d. með þýðingarforritum. Þættir úr lestrarstefnu Skagafjarðar varðandi tvítýngi og fjöltýngi eru sýnilegir á veggjum í kennslurými. Tvítýngdir nemendur fá sérstaka aðstoð og kennslu í íslensku. Leitað er að námsefni á tungumáli tvítýngdra nemenda. Í yndislestri lesa nemendur á sínu móðurmáli í læsistíma.

Rýnihópaviðtöl, innleiðing lestrarstefnu

Í rýnihópaviðtali við foreldra/forsjáraðila kom fram að foreldrar telja lestrarnámið ganga vel. Gott fyrirkomulag er á lestrarnámi barna þeirra, lestrinum er vel sinnt og börnin hvött áfram í lestrarnámi. Mikið er af skemmtilegum lestrarhvetjandi verkefnum í skólanum, sumarlestur sumarbingó og fleira.

Í rýnihópaviðtali við kennara kom m.a. fram að kennarar telja innleiðingu á lestrarstefnu Skagafjarðar hafa gengið mjög vel. Meira vægi var t.a.m. lagt á lestrarnám á unglíngastigi í kjölfar innleiðingarinnar og lestrarhátíð í 9. bekk sl. vor er dæmi um mjög vel heppnað verkefni. Reynt er að leita allra leiða til að koma til móts við nemendur sem eru tvítýngdir t.d. varðandi ritun eða skil á verkefnum. Byrjendalæsisaðferðin styður mjög vel við markmiðasetningu í námi.

Í rýnihópaviðtali við starfsmenn (aðra en kennara) kom m.a. fram að samdóma álit þeirra var að innleiðing lestrarstefnu Skagafjarðar hafi gengið bara vel. Starfsfólk eftir atvikum tekur þátt í að láta nemendur lesa, aðstoða þá við að skipta um lestrarbækur o.þ.h. Stuðningsfulltrúar hafa ákveðnu hlutverki að gegna í lestrarkennslunni. Starfsmönnum finnst vöntun á námsefni fyrir tvítýngd börn að hluta til en það er mismunandi eftir því frá hvaða landi þau eru. En allir nýbúar (nýlega aðfluttir nemendur) af erlendu bergi brotnir fá íslenskukennslu alla morgna eins og þörf er á hverju sinni. Starfsmenn nefndu að þýðingarforrit kæmu að góðu gagni þegar þeir eiga í samskiptum við tvítýngda nemendur.

Í rýnihópaviðtali við nemendur kom m.a. fram að þeim finnst mikið af fjölbreyttu lesefni til á bókasafni skólans og þar fá þeir góða leiðsögn. Nemendur væru tilbúnir til að lesa meira í skólanum og nokkrir nefndu að á síðastliðnu skólaári byrjaði skóladagurinn alltaf á því að vera í yndislestri en breyting hefði orðið á því. Þeir nemendur sakna yndislesturs í upphafi skóladags. Nemendur minntust einnig á að þegar þeir væru ekki spenntir fyrir því að lesa væri hægt að hlusta á hljóðefni. Að öðru leyti sögðust nemendur vera sáttir við innleiðingu lestrarstefnu Skagafjarðar.

Styrkleikar

- Kennslustundir í byrjendalæsi eru vel skipulagðar og uppbyggðar
- Kennarar nota fjölbreytt námsgögn í námi og kennslu í læsi
- Innlagnir á stöfum og atkvæðum í byrjendalæsi eru hvetjandi til náms
- Hugtökum sem snerta ákveðin viðfangsefni er komið vel til skila
- Námsumhverfið er lestrarhvetjandi
- Á bókasafni/upplýsingaveri er málauðugt lestrarumhverfi
- Markmið kennslustunda og fyrirmæli eru skýr
- Vel er vandað til verka í undirbúningi verkefnavinnu
- Samstarf er á milli skólastiga, grunn- og framhaldsskóla (FNV) í íslenskukennslu á unglíngastigi

Sóknarfæri

- Hægt væri að auka við fjölbreytni aðferða í lestrarþjálfun
- Vinna að því að merkja hluti og áhöld með heitum til að efla orðaforða og hugtakaskilning
- Gæta þess að dagskrá hvers dags sé nemendum alltaf sýnileg
- Gæta þess að markmið í námi séu nemendum sýnileg

- Nýta betur sjónræna hvatningu með fjölbreyttum hætti
- Hafa merkingar á hlutum og hugtökum sýnileg, m.t.t. tvítýngdra/fjöltýngdra nemenda á móðurmáli nemenda og á íslensku
- Vinna að því að gera námsumhverfi allra kennslurýma lestrarhvetjandi
- Hafa sérstakan tíma til yndislestrar í öllum árgöngum
- Finna fleiri leiðir til samstarfs á milli heimila og skóla um lestrarnám á mið- og unglíngastigi
- Íslenskukennsla fyrir alla tvítýngda/fjöltýngda nemendur
- Móðurmálskennsla fyrir tvítýngda/fjöltýngda nemendur

Teymiskennsla

Í starfsáætlun Árskóla kemur fram að lögð er áhersla á teymiskennslu í öllum árgöngum. Teymiskennslan byggir á mikilli samvinnu og felur í sér að tveir eða fleiri kennarar/starfsmenn skipuleggi, framkvæmi og meti nám fyrir fjölbreyttan nemendahóp þar sem sveigjanleiki og námsaðlögun á sér stað eftir þörfum. Hvert teymi tekur sameiginlega ábyrgð á kennslu nemenda og notar til þess fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Meðlimir teymis deila reynslu og nýta styrkleika hvers og eins til að hámarka árangur nemenda og til að verða sjálfir betri fagmenn. Teymiskennsla hefur verið í öllum árgöngum frá árinu 2013 (Árskóli, e.d.-b). Gæðaviðmið um teymiskennslu voru búin til af starfsfólki skólans og liggur sá gæðagreinir til grundvallar í mati Skólaspeglisins í þessari úttekt.

Meirihluti gæðaviðmiða í gæðagreini um teymiskennslu sást í vettvangsathugun (sjá gæðaviðmið gæðagreinis í viðauka 2). Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs voru margvíslegar. Einstaklingsmiðun náms var mjög sýnileg og þá sérstaklega vegna nemenda með sérþarfir. Samskipti milli starfsmanna og nemenda voru jákvæð. Skipulag kennslustundar var gott og sýnilegt í kennslurými. Í lestrarstund voru allir nemendur virkir. Dæmi um góða samvinnu íþróttakennara við heimili vegna nemanda sem á í erfiðleikum. Teymi í einum árgangi ákveður daglega skiptingu á ábyrgð með nemendahópum fyrir næsta skóladag. Kennsluumhverfi til teymiskennslu gott, tvö stór kennslurými og eitt minna. Samvinna og verkaskipting innan teymis mjög góð sem og mönnum, tveir kennarar ásamt einum stuðningsfulltrúa með 37 nemendur. Skýr verkaskipting innan teymis hjá kennurum og stuðningsfulltrúa. Rödd nemenda fær hlustun, rætt um málefni nemendahópsins og nemendur hvattir til að koma með lausnir. Teymisvinna og samspil milli kennara jákvætt og kennarar jafn virkir í kennslustund. Hlutverkaskipting teymiskennara hnökralaus og vel skipulögð. Virðing og traust virðist ríkja á milli kennara í teymi. Jákvæðni gagnvart teymisvinnu hjá kennara, kennarar ná tíma til ígrundunar og undirbúnings að öllu jafna daglega. Dæmi um samvinnu verkgreinakennara með svokölluðum fjölíðarlokum í hverjum árgangi. Þar er foreldrum/forsjáraðilum nemenda boðið í heimsókn til að skoða afrakstur vinnu lotunnar hjá nemendum. Brugðist við aðstæðum þegar forföll

verða í teymiskennsluhópi og hlutverkum og ábyrgð skipt upp. Byggt á styrkleikum kennara við skiptingu á verkefnum varðandi kennsluhætti. Teymi innan árgangs nær að halda vel utan um námshópinn. Fyrirlögn verkefna og verkefnaskil m.a. í Seeshaw. Að sögn nemenda þá er mjög þægilegt að vinna verkefni og skila þeim í þessu kerfi.

Rýnihópaviðtöl, teymiskennsla

Í rýnihópaviðtali við foreldra/forsjáraðila kom m.a. fram að teymiskennslan væri frábær og það að árganginum öllum væri kennt saman væri mjög gott. Það væri góð breyting frá því sem áður var þegar algengt var að bekkjardeildir væru tvær. Með teymiskennslufyrirkomulagi sjá foreldrar aukna samheldni í árganginum og betri skilyrði væru fyrir því að nemendur ættu góða vini.

Í rýnihópaviðtölum við kennara kom m.a. fram að kennurum þykir styrkleiki að með samvinnu í teyllum mætast fleiri sjónarmið. Teymin krefjist mikillar samvinnu. Teymisvinnan sé erfiðari þar sem stórir árgangar eru. Styrkleikar eru fólgnir í því að árgangurinn verður meiri heild og ábyrgð er sameiginleg. Möguleikar í námsumhverfi eru ýmsir til að skipta námshópum upp í smærri einingar. Styrkleikar kennara nýtast með fjölbreyttum hætti í teymiskennslu m.t.t. verkaskiptingar. Kennarar eru hvattir til starfspróunar. Kennarar voru sammála um að samræðan í teyllum einkennist almennt af hreinskilni og virðingu. Teymin miðla reynslu sín á milli sérstaklega innan stigs, t.d. á stigsfundum. Í viðtölunum kom einnig fram að kostir teymiskennslunnar væru meiri en einstaklingskennslunnar þegar teymin virka vel saman. Það er áskorun fyrir teymin þegar kennarar eru fjarverandi af einhverjum ástæðum, slíkt skapar meira álag á þá sem eftir eru. Einnig getur mismunandi verkaskipting skapað álag í teyllum ef þau eru ekki samstíga. Kennarar þó sammála um að þegar teymin ganga vel upp sé teymiskennslufyrirkomulagið frábært. Fram kom í viðtölunum að kennarar telja sig geta fengið stuðning m.a. frá stjórnendum í starfi sínu.

Í rýnihópaviðtali við starfsmenn (aðra en kennara) komu fram svipaðar niðurstöður og hjá kennurum. Starfsmenn nefna sérstaklega að auðveldara aðgengi sé nú en áður að kennurum m.t.t. þegar láta þarf kennurum í té einhverjar upplýsingar s.s. samskiptaupplýsingar o.þ.h. um málefni nemenda þar sem nægilegt er að hafa samband/samskipti við einn fulltrúa úr teymi.

Í rýnihópaviðtali við nemendur kom m.a. fram að nemendum þykir betra að hafa fleiri kennara líkt og þeir fá með teymiskennslufyrirkomulaginu. Þeir segjast fá meiri aðstoð og að agastjórnun sé almennt betri. Þeir telja kennara hafa betri yfirsýn yfir alla einstaklinga í hópnum með þessum kennsluháttum.

Styrkleikar

- Jákvæð samskipti, kennara við nemendur bæði einstaklingslega og í smærri hópum og jákvæð samskipti milli nemenda
- Skýr og hvetjandi fyrirmæli frá kennurum
- Kennslustund er vel skipulögð og verkaskipting innan teymis er skýr
- Skipulag, markmið og tilgangur kennslustundar í góðu lagi sem skapaði gott flæði í tímanum
- Samvinna teymis mjög skipulögð og skilvirk
- Stjórnun kennslustundar og innlögn viðfangsefnis til fyrirmyndar
- Nemendur eru virkir og einbeittir í námi og vita til hvers er ætlast af þeim
- Viðfangsefni kennslustunda eru fjölbreytt
- Góður vinnuandi og tiltölulega sjálfstæð vinnubrögð í einstaklingsvinnu
- Áhugasemi nemenda gagnvart notkun upplýsingatækninnar í námi skapar góð sóknarfæri
- Samstarf teyma öflugt, kennarar samstíga og samspil innan teyma jákvætt
- Samvinna og samstarf fjölíðarkennara um fjölíðarlok
- Fjölbreytni í verkefnaskilum hjá nemendum t.d. á rafrænu formi (s.s. Seeshaw)
- Gott utanumhald, nemendum sinnt af hlýju og þeim mætt á einstaklingsgrunni
- Getumiklir nemendur með ítarefni við hæfi t.d. í samvinnuverkefni
- Fyrirkomulag í lotunámi gefur góð tækifæri til einstaklingsmiðunar náms
- Námsumhverfi er vel nýtt sem stuðlar m.a. að góðum vinnufriði í kennslustund
- Mjög jákvætt lærdómssamfélag

Sóknarfæri

- Gæta þess að bráðgerir nemendur fái verkefni við hæfi
- Fjölga leiðum til að þjálfa samvinnu nemenda
- Fjölga leiðum til að ná og halda athygli nemenda sem hvetja þá jafnframt til virkrar þátttöku
- Auka fjölbreytni í kennsluháttum
- Ígrunda hópaskiptingu með tilliti til þess að nemendum sé ekki mismunað
- Finna leiðir til að auka frumkvæði nemenda og hvetja þá til samstarfs og um leið að efla sjálfstæði þeirra og sjálfstraust
- Ígrunda fjölíðarlok og markmið þeirra, fá nemendur til að kynna verkefni sín o.þ.h.
- Skoða hvernig mismunandi hópaskipting hefur áhrif á virkni nemenda í námi
- Ígrunda framlag og hlutverk hvers og eins innan teyma og hvernig hægt er að efla virkni teyma
- Að nota agastjórnunaraðferðir markvisst sem leið til jákvæðra samskipta
- Formgera skipulag og skiptingu ábyrgðar innan teyma

Kennslustundagreining

Alls fóru matsmenn í 27 kennslustundir í vettvangsathugun í Árskóla. Kennslustundirnar og viðfangsefni námsgreina voru fjölbreytt en tímasetningar á stundaskrám árganga réðu því hvaða kennslustundir

urðu fyrir valinu í vettvangsathugunum. Greiningin byggir sem fyrr segir á viðmiðum Menntamálastofnunar.

Kennsluáherslur			Áhersla í námi		
Fræð- andi	Leiðbein- andi	Blanda þessara tveggja aðferða	Einstaklings- vinna nemenda	Samvinna nemenda	Blanda þessara aðferða
6/25 (24%)	7/25 (28%)	12/25 (48%)	9/27 (33%)	2/27 (7%)	16/27 (59%)

Hér má sjá að kennsluáherslur voru fræðandi í 24% kennslustunda sem heimsóttar voru, þar sem kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Í 28% kennslustunda voru kennsluáherslur leiðbeinandi þar sem kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda. Í 48% kennslustunda sem heimsóttar voru, voru kennsluáherslur blanda af þessum tveimur aðferðum þ.e. fræðandi og leiðbeinandi.

Áherslur í námi nemenda voru jafnframt greindar en í 33% kennslustunda var lögð áhersla á einstaklingsvinnu nemenda. Í 7% kennslustunda var lögð áhersla á samvinnu nemenda. Í 59% kennslustunda voru áherslur í námi blandaðar þ.e. nemendur unnu bæði einstaklingslega og í samvinnu eftir framvindu og skipulagi viðfangsefna.

Heimildaskrá

Árskóli. (e.d.-a). Skólanámskrá Árskóla 2018-2019. Sótt 10. jan. 2019 af

<https://www.arskoli.is/static/files/Skolanamskra/2018-2019>

Árskóli. (e.d.-b). Ársskýrsla Árskóla 2017-2018. Sótt 10. jan. 2019 af

<https://www.arskoli.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrslarskola2017-2018.pdf>

Árskóli. (e.d.-c). Starfsáætlun Árskóla 2018-2019. Sótt 10. jan. 2019 af

<https://www.arskoli.is/static/files/Starfsaetlun/Starfs2018-19>

Árskóli. (e.d.-d). Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2017-2018. Sótt 10. jan. 2019 af

<https://www.arskoli.is/static/files/Sjalfsmatskyrs/2018.pdf>

Sveitarfélagið Skagafjörður. (2016). *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg. Sauðárkrókur:

Sveitarfélagið Skagafjörður.

Sveitarfélagið Skagafjörður. (2018). *Skólaspegillinn, staðfest sjálfsmat*. Óútgefið.

Viðauki 1

Skólaspegillinn, staðfest sjálfsmat

Lestrarstefna Skagafjarðar - gæðaviðmið

Lestrarhvetjandi umhverfi

A	Við sköpum lestrarhvetjandi, málauðugt umhverfi sem kveikir áhuga og forvitni barna og hvetur þau jafnframt til rannsókna og athugana
B	Við höfum góða aðstöðu til að njóta lestrar í næði
C	Við höfum fjölbreytt, aðgengilegt, aldursvarandi lesefni fyrir börn til að lesa sér til ánægju og yndisauka (s.s. bækur, rafrænt efni, tímarit, bæklinga, símaskrá, matreiðslubækur, veggspjöld, minnismiða, skilaboð, umbúðir, vörumerki og fl.)Já
D	Við merkjum hluti með orðum og setningum og leggjum áherslu á að nemendur læri að tákni hafi merkingu.
E	Við leggjum áherslu á að dagsskipulag, reglur og fleira sé sýnilegt fyrir alla
F	Við erum góðar fyrirmyndir í lestri og hvetjum til jákvæðs viðhorfs til lestrar
G	Við búum yfir ríkum aldursvarandi efnivið og leikjum til örvarar máls og lestrar (s.s. bókstafir í ýmsum gerðum, leikir og spil með bókstöfum, orðmyndum og setningum, gott aðgengi að gagnvirkum æfingum og leikjum sem nota má til mál- og lestrarörvarar)
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	•

Lestur og skilningur

A	Í okkar skóla leggjum við áherslu á eflingu lestrar með því að setja fram skýr markmið um kennslu, leiðir og árangur
B	Sýn okkar er sú að lestur sé lykill að þekkingu og öllu námi
C	Við leggjum áherslu á að vinna með ritmálið á fjölbreyttan hátt
D	Við styðjum við og eflum börn í að byggja upp þekkingu og færni í notkun málsins. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði <i>Markvissrar málörvarar</i>
E	Við vinnum með hlustun, tal og ritun sem eina heild þar sem lögð er áhersla á hljóðavitund, orðaforðavinnu og sýnileika bókstafa og orða ásamt öðrum þáttum sem fléttast inn í ferlið, svo sem stafsetningu, málfræði og skrift

F	Allir starfsmenn í okkar skóla leggja áherslu á að auka lesskilning, orðaforða og málskilning markvisst í öllu starfi og námsgreinum með börnunum
G	Við notum byrjendalæsi sem kennsluáferð í lestri á yngsta stigi grunnskólans
H	Við vinnum jöfnum höndum með merkingu máls og tæknilega þætti lestrar
I	Við leggjum áherslu á að efla sjálfsmynd barna og skapa jákvæða upplifun af lestri, ritun og tjáningu
J	Við vinnum með fjölbreyttar tegundir texta og vinnum markvisst með þá í námi og kennslu (dæmi: söngvar, ljóð, skáldsögur, þjóðsögur, fræðitextar, leiðbeiningar og fl.)
K	Við leggjum áherslu á að nemendur læri að njóta lesturs og fái tækifæri til yndislesturs í skólanum
L	Við leggjum áherslu á að nemendur þekki mismunandi aðferðir við lestur
M	Við leggjum áherslu á að nemendur geti lesið texta á skilvirkan og öruggan hátt (lestrarhraði t.d.)
N	Við leggjum markvisst áherslu á að nemendur með lestrarerfiðleika nýti sér hlustun bæði til náms og yndislesturs
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	• .

Einstaklingsmiðun

A	Við gætum þess að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga hvers barns
B	Við störfum eftir hugmyndafræðinni <i>skóli án aðgreiningar</i> og leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám
C	Þegar grunur vaknar um mál- eða lestrarerfiðleika bregðast kennarar strax við og leita ráðgjafar hjá viðeigandi aðilum
D	Við leggjum áherslu á að koma í veg fyrir að áhættuþættir þróist út í alvarlegri vanda
E	Við vinnum eftir einstaklingsnámskrám í lestri þar sem þörf er á, þar sem tiltekin eru markmið, kennsla, þjálfun, eftirfylgni og mat skilgreint með skýrum hætti
G	Við notum námsmat og skimanir til að meta framfarir hjá hverju barni og til að sjá hvar það er statt í námi miðað við jafnaldra
H	Við leggjum áherslu á að efla og byggja á styrkleikum hvers barns
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:

	•
--	---

Samfella á milli skólastiga

A	Við gætum þess að samfella sé í lestrarnámi á milli skólastiga og skólagerða
B	Við gætum þess að lestrarnám hvers barns byggist á fyrri reynslu barnsins og myndi samfellda heild
C	Kennarar starfa saman að og miðla upplýsingum um þekkingu og færni barna í lestri á milli skólastiga/skólagerða eftir því sem við á, í samstarfi og/eða með samþykki foreldra/forsjáraðila
D	Niðurstöðum skimunarprófsins „Leið til læsis“ sem lagt er fyrir að hausti í 1. bekk er skilað til leikskóla og umbótaáætlun unnin í kjölfarið í leikskólanum
F	Við byggjum brýr á milli skólastiga m.a. með gagnkvæmum heimsóknnum kennara og nemenda, viðeigandi upplýsingaflæði og samstarfi
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	•

Samstarf við heimilin

A	Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að foreldrar/forsjáraðilar taki virkan þátt í málörvun og þróun læsis barna sinna
B	Við hvetjum foreldra/forsjáraðila til að lesa reglulega fyrir börn sín því þannig leggja þeir sitt af mörkum til eflingar orðaforða og málþroska barna sinna
C	Við öflum upplýsinga frá foreldrum/forsjáraðilum sem skipt gætu máli varðandi læsisþróun, málþroska og lestrarnám barna þeirra
D	Við leggjum áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um hvaða leiðir er hægt að fara til að örva málþroska barna og hvað gert er varðandi lestrarþjálfun í skólanum
E	Við leggjum áherslu á heimalestur nemenda
F	Við leggjum áherslu á mikilvægi þátttöku og ábyrgðar foreldra/forsjáraðila í lestrarnámi
G	Við upplýsum foreldra/forsjáraðila um framvindu lestrarnáms barna þeirra og málþroska reglubundið
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	•

Skimanir

A	Við notum niðurstöður skimana á málþroska og lestri markvisst í þeim tilgangi að finna nemendur sem líklegir eru til að eiga í lestrarerfiðleikum
B	Við beitum snemmtækri íhlutun þar sem við á til að koma í veg fyrir að áhættuþættir fyrir lestrarerfiðleikum þróist út í raunverulega erfiðleika síðar á lífsleiðinni (snemmtæk íhlutun er: menntunarfræðileg meðferð, stuðningur og þjónusta sem veitt er börnum undir átta ára aldri)
C	Við nýtum niðurstöður skimana til grundvallar lestrarkennslu
D	Við nýtum niðurstöður skimana við gerð einstaklingsnámskráa fyrir alla nemendur sem reynast undir viðmiðum í þeim skimunum sem lagðar eru fyrir
E	Við fylgjum áætlun um fyrirlögn skimana skv. skólanámskrá frá 1. - 10. bekk
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	•

Tvítýngi og fjöltyngi

A	Við styðjum við færni nemenda í móðurmálum þeirra
B	Við óskum eftir því að foreldrar/forsjáraðilar styðji við íslenskunám barna sinna og sjái jafnframt til þess að þau fái tækifæri til þess að þróa og rækta móðurmál sitt
C	Við gerum foreldrum/forsjáraðilum kleift að taka virkan þátt og fylgjast með lestrarkennslu og lestrarnámi barna sinna
D	Þegar verkefni, skimanir og próf tvítýngdra og fjöltyngdra nemenda, sem varða málþroska, lestur og ritun eru metin er horft til þess að þau viðmið um árangur sem notuð eru miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál
E	Leitað er eftir upplýsingum frá foreldrum um málþroska tvítýngdra og fjöltyngdra barna út frá þeim tungumálum sem barnið notar
F	Við búum til einstaklingsnámskrár í málörvun, lestrar og íslenskunámi fyrir tvítýngd og fjöltyngd börn þar sem það á við
G	Við greiðum aðgengi tvítýngdra og fjöltyngdra barna að bókum og öðru efni á móðurmáli sínu
H	Við leggjum áherslu á að virðing sé borin fyrir móðurmáli nemenda á sýnilegan hátt í skólanum
I	Við leggjum áherslu og nýtum fjölbreytta kennsluhætti og leiðir til að barnið öðlist færni í íslensku
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	•

Viðauki 2

Skólaspejillinn, staðfest sjálfsmat

Teymiskennsla - gæðaviðmið

	Samskipti
A	Allir meðlimir teymisins hafa fullkomið vald á samræðunni og vita að samræðan veitir bestu lausnirnar
B	Samræðan í teyminu einkennist af hreinskilni og af virðingu
C	Teymið vinnur vel að því að þróa sína eigin samræðu
D	Teymið miðlar skipulega reynslu og árangri til annarra teyma
E	Teymið vinnur og notar upplýsingar og viðbrögð frá foreldrum/forsjáraðilum, stjórnendum og öðrum teyllum sem leið í að þróa og bæta vinnu teymisins
	Vinnuferli
F	Við erum góð, í flestum tilvikum, í að viðhalda árangursríku vinnuferli
G	Við erum fljót að tileinka okkur nýja kennsluhætti og samvinnuaðferðir
H	Við ræðum gjarnan hvernig hvert og eitt okkar er að vinna í teyminu
I	Við nýtum reynslu hvers annars hvað varðar árangur og mistök til að skapa umræður og til að læra af
	Hæfni
J	Við virðum mismunandi þekkingu, reynslu og hæfni einstaklinga innan teymisins
K	Við leitum eftir aðstoð hvers annars og tökum á móti gagnrýni með jákvæðu hugarfari
L	Við vinnum skipulega að því að þróa hæfni einstaklinga innan teymisins
M	Við leitum innblásturs og hugmynda út fyrir teymið þegar við vinnum að nýjum verkefnum eða vinnuskipulagi
N	Við þróum starf okkar í samræmi við utankomandi kröfur og tillögur
O	Í teyminu okkar er skýr verkaskipting og ábyrgð
	Kennsla
P	Við forgangsroðum tíma til samræðna og ígrundunar þar sem við tökum mikilvægar ákvarðanir
Q	Við hvetjum hvert annað til að taka áhættu og læra af mistökum okkar
R	Við berum okkur saman við önnur teymi í þeim tilgangi að læra eitthvað nýtt
S	Við erum forvitin og áhugasöm um nýbreytni í starfi
	Traust og virðing
T	Við berum traust hvert til annars hvað varðar þjargir og hæfni
U	Við sýnum hvert öðru og framlagi okkar til teymisins virðingu
V	Við höfum ákveðnar reglur til að meðhöndla ágreining og/eða óeiningu í teyminu
	Markmið teymis
X	Við höfum skýran og sameiginlegan skilning á grunnhugmyndum teymisins
Y	Við höfum sameiginlegar hugmyndir um hvenær og hvernig það er mikilvægt að vinna sem teymi
Z	Við erum samdóma skilning á því hvað það þýðir að setja markmið
Þ	Við tökum samkvæma og rökrétt afstöðu til markmiða, komumst að samkomulagi og birtum foreldrum og starfsfélögum niðurstöðurnar
Æ	Við einbeitum okkur að lausnum og notum þær til að forgangsraða starfi okkar
	Aðrar vísbendingar sem benda til gæðastarfs:
	•